

2. gr.

Stjórn skólans skipa:

einn fulltrúi tilnefndur af Þjóðleikhúsráði,
einn tilnefndur af Leikfélagi Reykjavíkur,
einn tilnefndur af Félagi íslenskra leikara,
einn tilnefndur af starfandi leikfélögum utan Reykjavíkur,
og einn tilnefndur af menntamálaráðherra, og skal hann jafnframt vera formaður.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu að tillögu skólastjórnar.

Endurnýja skal ráðningarsamning á fjögurra ára fresti.

4. gr.

Skólastjóri ræður kennara í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Skólinn skal vera þriggja ára skóli starfandi frá 1. október til 1. júní. Kennsla skal fara fram hvern virkan dag á tímabilinu frá kl. 9—18.

6. gr.

Námsgreinar skulu meðal annars vera: Íslenska, taltækni, leikur, látbragðslist, förðun, skyldingar, leikfimi, leiklistarsaga og sálfræði. Enn fremur skal, eftir því sem þurfa þykir, stofna til námskeiða í leikstjórn, búninga- og leikmyndateiknun, leiksviðslýsingu og öðrum tæknistörfum á leiksviði.

7. gr.

Nemendur skulu vera á aldrinum 17—25 ára og hafa lokið gagnfræðaprófi eða öðru sambærilegu prófi.

Til þess að öðlast rétt til setu í skólanum skal umsækjandi enn fremur hafa staðizt inntökupróf samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er sett verður.

8. gr.

Prófdómendur við inntökupróf skulu vera skólastjóri og tveir kennarar skólans, tilnefndir af skólastjórn.

Við önnur próf skal prófnefnd skipuð skólastjóra, einum kennara, einum fulltrúa frá Þjóðleikhúsinu og einum frá Leikfélagi Reykjavíkur. Í tæknigreinum skal kveðja til sérfróða menn, auk prófnefndar.

9. gr.

Hámarkstala nemanda í öllum deildum er 20.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um skólann.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið á vitorði leikhúsanna hérlendis, að menntun leikara væri ófullkomin. Áður en Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína, sóttu flest leikaraefni menntun í erlenda leiklistarskóla.

Bæði leikhúsin reka nú leiklistarskóla, Þjóðleikhúsið allt frá stofnun þess og Leikfélag Reykjavíkur mörg undanfarin ár. Þessir skólar hafa lengst af verið reknir

sem nokkurs konar kvöldskólar kl. 17—19. Á seinni árum hefur þó námstíminn verið lengdur nokkuð á degi hverjum og námið aukið.

Þrátt fyrir þetta hefur forráðamönnum skólanna og öðrum leiklistarmönnum, sem láta sig þessi mál varða, verið ljóst, að hér er orðin brýn nauðsyn úrbóta, enda er menntun leikara hérlendis löngu komin úr samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um slíka menntun annars staðar, jafnvel þær kröfur, sem gera verður hérlendis.

Á undanförunum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á þessum málum á hinum Norðurlöndunum og niðurstaðan orðið sú, að stofnaðir hafa verið sjálfstæðir rikisskólar, óháðir leikhúsunum, til alhliða menntunar leikaraefna og annarra leikhússtarfsmanna.

Það er vitað mál, að leiklistarskólar leikhúsanna hér hafa verið reknir með fjárhagslegu tapi. Eini aðilinn, sem hefur bolmagn til að standa undir fullkomnum skóla, sem samræmist nútímakröfum, er því ríkið sjálft.

Það er einnig orðin almenn skoðun leikhúsanna, bæði hér og erlendis, að leiklistarskóli sé betur kominn án beinna tengsla við leikhúsin.

Það er því orðin brýn nauðsyn, að hið opinbera gangist hið bráðasta fyrir stofnun slíks skóla, þar sem ýrustu kröfum sé fullnægt, þar sem leiklist er orðin snar þáttur í menningarlífi þjóðarinnar.